

Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. nóvember, 2013

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brottám líffæra, 34. mál.

Hjartaheill styður eindregið frumvarp til laga um breytingu á lögum um brottám líffæra.

Í Velferð 2. tbl. 2011 sem er félagsblað Hjartaheilla ritar Svein Magnússon, læknir í grein um líffæragjafir. Í greininni kemur m.a. fram, tilvitnun hefst;það er mjög mikilvægt að í samfélögum fari fram almenn fræðandi umræða um mikilvægi líffæragjafa til að skapa jákvætt viðhorf til þess góðverks, að ánafna öðrum líffærum sínum. Mikilvægt er að vilji hvers og eins sé ættingjum ljós, hver og einn hafi tjáð sig við sína nánustu um afstöðuna til líffæragjafar, þannig að á óvæntri en erfiðri stundu þurfi ættingjar ekki að velkjast í vafa um hver var vilji hins látna. Á sama hátt er mikilvægt að þeir heilbrigðisstarfsmenn sem umgangast eftirlifandi ættingja í sárri sorg, séu hjálfaðir til að takast á við þær kringumstæður, geti rætt við ættingjana um mikilvægi líffæragjafar ef hún kemur til greina. Þetta er lykilatriði samkvæmt reynslu þeirra þjóða sem náð hafa lengst í líffæragjöfum og þá reynslu eigum við Íslendingar að nýta okkur. Tilvitnun lýkur.


Hjartaheill telur eins og áður hefur komið fram að það sé mikilvægt í aðdraganda lagasetningar um líffæragjafir skapast jákvætt viðhorf sem greinarhöfundur hér að ofan nefnir til ánöfnunar líffæra. Það er erfitt verk fyrir heilbrigðisstéttina á ögurstundu að sækja að ættingjum á í sorgarferli þar sem farið er þess á leit að líffæri verði numið á brott úr manneskju sem nýlega hefur verið úrskurðuð látin. Við þær aðstæður geta ættingjar brugðist við með því að hafna líffæragjöf, jafnvel þó vilji hins látna var til staðar fyrirfram. Því er mikilvægt að ganga alla leið að samþykki ættingja þurfi ekki að koma til sbr. þó það sem fram kemur í niðurlagi umsagnarinnar hér að neðan.

Til þess að ættingjar velkist ekki í neinum vafa um stöðu mála er betur að búa þannig um hnútanna að forræðið sé bundið í lög um framkvæmdina og forræðið um brottám líffæra til að bjarga sjúklingum sem eru við dauðans dyr. „Ætlað samþykki“ fyrir líffæragjöf mun því auðveldla ákvarðanatöku aðstandenda ef yfirleitt eigi að leita eftir samþykki þeirra sbr. það sem hér að ofan hefur verið vikið að.

Þar sem brottám líffæra stríðir á móti trúarbrögðum eða lífsskoðun þess látna er rétt að taka tillit til slíkra tilvika. Í þeim tilvikum geta þeir aðilar í lifandi lífi skráð sig á lista þar sem brottám líffæra er bönnuð.

Með frumvarpinu er verið að taka skrefið til fulls og gerir Hjartaheill engar athugasemdir við frumvarpið og fagnar þeim áfanga ef það nær fram að ganga.

Viðingarfyllst,


Sveinn Guðmundsson, hrl.
varaformaður Hjartaheilla